

Sp.

162. Nefndarálit

[15. mál]

um till. til þál. um skipun nefndar til að gera tillögur um aukna atvinnu í kaupstöðum og kauptúnum.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin er klofin í málinu. Við undirritaðir leggjum til, að tillagan verði samþykkt óbreytt, en meiri hl. nefndarinnar leggur til, að tillagan verði afgr. með rökstuddri dagskrá.

Tillaga þessi kom fram hinn 12. okt. og var vísað til nefndar þessarar hinn 18. okt. Á fundi nefndarinnar 19. s. m. var ákveðið að senda hana til umsagnar félagsmálaráðherra, Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands. Frá Alþýðusambandi Íslands barst umsögn, dags. 21. okt. Er þar vitnað í tillögu, er miðstjórn Alþýðusambandsins hafði samþykkt og sent ríkisstjórninni 13. s. m., svo hljóðandi:

„Miðstjórnin vill í þessu sambandi benda á nauðsyn þess, að nú þegar sé skipuð nefnd manna í bæjum og kauptúnum, sem hafi það hlutverk að semja rökstudda álitserð um þörf á aukinni atvinnu í hverju sveitarfélagi og leita eftir verkefnum, sem vinna þarf og tryggt geta öruggari atvinnuafkomu en ella. Verkalýðssamtökunum sé tryggður fulltrúi í nefndum þessum. Miðstjórn A. S. Í. telur miklu varða, að fullur skilningur sé ríkjandi í þessum málum, jafnt hjá löggjafanum og ríkisstjórn, sem og verkalýðssamtökunum . . .“

Mælir Alþýðusambandið með samþykkt þáttill. og segir það „eindregna ósk sína og bein tilmæli, að hún verði samþykkt eins og hún hafi verið fram borin.“

Frá Vinnuveitendasambandinu hefur ekkert svar borizt, og getur það skýrzt með fjarveru formanns og láti framkvæmdastjóra.

Af hálfu flutningsmanna gekk meðundirritaður (FJ) eftir því í n., að afgreiðslu málsins yrði hraðað, en fékk jafnan það svar, að enn vantaði umsögn félagsmálaráðherra. Loks að þrem vikum liðnum barst svar ráðherra og er dags. 10. þ. m. Segist ráðuneytið vilja upplýsa, „að það hafi nú þegar, að gefnu tilefni frá einstökum stöðum, látið athuga afkomuhorfur þar og gert ráðstafanir til þess, að úr yrði bætt í bili, svo og gert tillögur um framtíðarlausn á mikilvægum vandamálum atvinnulífsins þar, má þar t. d. nefna Hellissand á Snæfellsnesi.“

Enn fremur segir félagsmálaráðherra, að fiskábyrgðarnefnd sé falið „að athuga í samráði við félagsmálaráðuneytið þau atriði, er þingsályktunartillagan fjallar um.“

Við teljum þessar ráðstafanir félagsmálaráðherra alls ófullnægjandi. Viða að berast nú kvartanir um aukið atvinnuleysi og vandræði.

Skráning atvinnulausra manna, er hefur farið fram á Ísafirði og Siglufirði, sýnir ugðvænlegt atvinnuleysi og enn fremur ólífvænlega lágur tekjur fjölda verkamanna og sjómanna, það sem af er árinu.

Bæjarstjórnirnar á Ísafirði og Siglufirði hafa báðar sent Alþingi áskorun um að samþykkja tillögu þessa. Almennur fulltrúafundur verkalýðsfélaganna á Vestfjörðum, fjölmennur kjósendafundur á Ísafirði, hreppsnefndarfundur í Hnífsdal, enn fremur ýmsir aðrir aðilar hafa að undanförunu sent Alþingi og ríkisstjórn ýmsar áskoranir um að hefjast handa um athuganir og framkvæmdir til þess að auka atvinnu, en bæta úr atvinnuleysi. Þessu hefur af hálfu Alþingis og ríkisstjórnar engu verið sinnt.

Þegar athugað er, hve skjótt og rögg samlega var brugðið við af hálfu ríkisstjórnar um að leysa vandræði bænda á óþurrkasvæðunum í sumar, fáum við ekki séð, hvernig Alþingi og ríkisstjórn getur skotið sér undan að láta alvarlega athugun fara fram á atvinnuástandinu í kaupstöðum og kauptúnum og gera ráðstafanir til þess að bæta úr því. Leggjum við því til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. nóv. 1950.

Finnur Jónsson, Lúðvík Jósefsson.
frsm.